

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT LIÐA

---

## 1. grein

Íslandsmót liða skal haldið árlega í karla- og kvennaflokki.

## 2. grein

Rétt til þátttöku hafa öll félög sem starfa innan vébanda KLÍ. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Íslandsmótið eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum (*Þáttökutilkynning*), og eru þau jafnframt ábyrg fyrir greiðslu þáttökugjalds.

## 3. grein

### *Deildakeppni karla*

#### a) *Niðurröðun í deildir*

Leikið skal heima og heiman í 10 liða deildum eða eins og þátttaka leyfir, þó með undantekningum sem getið er hér að neðan.

Leikin skal tvöföld umferð. Efsta liðið verður deildarmeistari 1. deildar, en tvö neðstu liðin falla í 2. deild.

Tvö neðstu lið í hverri deild falla í næstu deild fyrir neðan (undantekning: neðsta deild) og þeirra sæti taka tvö efstu liðin úr þeirri deild.

Séu 19 lið eða færri í þriðju deild og neðri deildum skal sameina þær í eina deild sem spilast á eftirfarandi hátt:

- i) 5–11 lið, einn riðill
- ii) 12–19 lið, tveir riðlar

Ef 4 lið eða færri eru eftir í neðstu deild skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan sem spilast samkvæmt ofanskráðu.

Raðað skal í riðla þannig að þeir verði sem jafnastir að styrkleika miðað við árangur síðasta árs. Tvö efstu liðin úr hverjum riðli komast í úrslitakeppni þar sem leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman, með sömu stigagjöf og í forkeppninni.

Í deild með 6 eða færri liðum skal leika 4 umferðir, í deild með 7–8 liðum skal leika 3 umferðir og í deild með 9–11 liðum eða riðlaskiptri deild skal leika tvöfalda umferð.

Ef liðum fjölgar svo að neðsta deild fer yfir 19 liða hámark skal stofna nýja deild. Ný deild skal skipuð þeim liðum sem bættust við frá fyrra keppnistímabili og þeim sem voru í 11. sæti eins riðils deildar eða 11.–19. sæti tveggja riðla deildar

Ef fjölgun liða veldur því að ný deild er stofnuð og færri en 10 lið voru í neðstu deild keppnistímabilið á undan skal hlutkesti ráða hvaða ný lið taka sæti í efri deild.

#### b) *Lið dregur sig úr keppni – Umspil*

Dragi lið úr efri deild sig úr keppni áður en mót hefst eða taki ekki sæti sem það á rétt til, skal efna til aukakeppni – umspils. Í umspili taka þátt þau lið sem enduðu í næst neðsta sæti efri deildar og í 3. sæti í neðri deild.

Ef tvö sæti losna í efri deild færast bæði liðin upp í efri deild. Ef þrjú sæti losna í efri deild keppir liðið sem var í neðsta sæti í efri deild við liðið sem var í 4. sæti í neðri deild.

Ef fjögur sæti losna í efri deild fara bæði liðin, liðið í neðsta sæti og liðið í 4. sæti neðri deildar, upp í efri deild.

Umspil skal spilað fyrir 1. júní.

Sömu reglur gilda um sæti sem óhjákvæmilega losnar í næstu deild uns komið er niður í neðstu deild.

Ef fjöldi liða í neðstu deild fækkar með þessu í 4 lið eða færri skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan. Ef fjöldi liða í 3. deild og neðri deildum fækkar með þessu í 19 lið eða færri skulu deildirnar sameinaðar.

- c) Sigurvegari 1. deildar karla hlýtur titilinn „Deildarmeistari liða í 1. deild karla“. Sigurvegararar í neðri deildum karla hljóta titilinn „Íslandsmeistari viðkomandi deildar karla“.

#### 4. grein

##### *Úrslitakeppni 1. deildar karla*

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppnina komast í úrslitakeppni þar sem spilað er skv. útsláttarfyrikkomulagi, þ.e. lið 1 keppir við lið 4 og lið 2 keppir við lið 3. Leiknar skulu tvær viðureignir, heima og heiman, og fær herra liðið heimaleik fyrst. Ráðast úrslit af stigum liðanna eftir þessarar 2 viðureignir, ef lið eru jöfn skal pinnafall ráða. Sigurvegarar úr þessum tveim viðureignum skulu leika þrjár viðureignir heima og heiman. Liðið sem varð herra í deildarkeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis. Það liðið sem hlýtur fleiri stig úr þessum þremur viðureignum hlýtur titilinn „Íslandsmeistarar liða í karlaflokki“. Ef lið verða jöfn að stigum skal herra pinnafall í fyrrgreindum þrem viðureignum ráða.

#### 5. grein

##### *Deildakeppni kvenna*

- a) *Niðurröðun í deildir*

Leikið skal heima og heiman í 10 liða deildum eða eins og þátttaka leyfir.

Leikin skal að lágmarki tvöföld umferð.

Tvö neðstu lið í hverri deild falla í næstu deild fyrir neðan (undantekning: neðsta deild) og þeirra sæti taka tvö efstu liðin úr þeirri deild.

Séu 19 lið eða færri í þriðju deild og neðri deildum skal sameina þær í eina deild sem spilast á eftirfarandi hátt:

i) 5–11 lið, einn riðill

ii) 12–19 lið, tveir riðlar

Ef 4 lið eða færri eru eftir í neðstu deild skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan sem spilast samkvæmt ofanskráðu.

Ráðað skal í riðla þannig að þeir verði sem jafnastir að styrkleika miðað við árangur síðasta árs. Tvö efstu liðin úr hverjum riðli komast í úrslitakeppni þar sem leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman, með sömu stigagjöf og í forkeppninni.

Í deild með 6 eða færri liðum skal leika 4 umferðir, í deild með 7–8 liðum skal leika 3 umferðir og í deild með 9–11 liðum eða riðlaskiptri deild skal leika tvöfalda umferð.

Ef liðum fjölgar svo að neðsta deild fer yfir 19 liða hámark skal stofna nýja deild. Ný deild skal skipuð þeim liðum sem bættust við frá fyrra keppnistímabili og þeim sem voru í 11. sæti eins riðils deildar eða 11.–19. sæti tveggja riðla deildar

Ef fjölgun liða veldur því að ný deild er stofnuð og færri en 10 lið voru í neðstu deild keppnistímabilið á undan skal hlutkesti ráða hvaða ný lið taka sæti í efri deild.

- b) *Lið dregur sig úr keppni - umspili*

Dragi lið úr efri deild sig úr keppni áður en mót hefst eða taki ekki sæti sem það á rétt til, skal efna til aukakeppni – umspils. Í umspili taka þátt þau lið sem enduðu í næst neðsta sæti efri deildar og í 3. sæti í neðri deild.

Ef tvö sæti losna í efri deild færast bæði liðin upp í efri deild. Ef þrjú sæti losna í efri deild keppir liðið sem var í neðsta sæti í efri deild við liðið sem var í 4. sæti í neðri deild.

Ef fjögur sæti losna í efri deild fara bæði liðin, liðið í neðsta sæti og liðið í 4. sæti neðri deildar, upp í efri deild.

Umspil skal spilað fyrir 1. júní.

Sömu reglur gilda um sæti sem óhjákvæmilega losnar í næstu deild uns komið er niður í neðstu deild.

Ef fjöldi liða í neðstu deild fækkar með þessu í 4 lið eða færri skal hún sameinuð næstu deild fyrir ofan. Ef fjöldi liða í 3. deild og neðri deildum fækkar með þessu í 19 lið eða færri skulu deildirnar sameinaðar.

- c) Sigurvegari í 1. deild kvenna hlýtur titilinn „Deildameistari liða í 1. deild kvenna“. Sigurvegarar í neðri deildum kvenna hljóta titilinn „Íslandsmeistari viðkomandi deildar kvenna“.

## 6. grein

### *Úrslitakeppni 1. deildar kvenna*

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppnina komast í úrslitakeppni þar sem spilað er skv. útsláttarfyrikomulagi, þ.e. lið 1 keppir við lið 4 og lið 2 keppir við lið 3. Leiknar skulu tvær viðureignir, heima og heiman, og fær herra liðið heimaleik fyrst. Ráðast úrslit af stigum liðanna eftir þessar 2 viðureignir, ef lið eru jöfn skal pinnafall ráða. Sigurvegarar úr þessum tveim viðureignum skulu leika þrjár viðureignir heima og heiman. Liðið sem varð herra í deildarkeppninni skal eiga heimaleik fyrst og svo til skiptis. Það liðið sem hlýtur fleiri stig úr þessum þremur viðureignum hlýtur titilinn „Íslandsmeistarar liða í kvennaflokki“. Ef lið verða jöfn að stigum skal herra pinnafall í fyrrgreindum þrem viðureignum ráða.

## 7. grein

### *Stigagjöf*

Hver viðureign skal vera þrjár leikir. Fyrir herra samanlagt skor liðsmanna í hverjum leik fyrir sig fær lið tvö stig og fyrir herra heildarskor eftir leikina þrjú fær lið tvö stig.

Fyrir jafntefli í einum leik eða jafnt heildarskor fær hvort lið eitt stig.

Veitt eru aukastig þannig að einnig er innbyrðiskeppni leikmanna er leika í sömu röð, þannig að leikmaður sem er með herra skor fær 1 stig fyrir unninn leik.

Stigin færast á hvern leikmann fyrir sig og getur hver leikmaður fengið þrjú stig úr hverri viðureign. Ef skorið er jafnt hjá leikmönnum er veitt hálf stig til hvors um sig. Samtals eru því um 20 stig að ræða fyrir hverja viðureign liða.

Staðan í deildinni raðast eftir stigum.

- Ef tvö eða fleiri lið eru jöfn að stigum gilda stig úr innbyrðis viðureignum.
- Ef tvö eða fleiri lið eru enn jöfn gildir heildarskor úr innbyrðis viðureignum.
- Ef tvö eða fleiri lið eru enn jöfn gildir hlutkesti.

## 8. grein

### *Leikskýrslur*

Fyrir hverja viðureign skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra skrifa á leikskýrslu nöfn þeirra leikmanna sem eiga að vera í keppnisliði liðsins í viðureigninni (mest 7 menn, minnst 3) og nafn aðstoðarmanns liðsins, ef einhver er. Eftir að viðureign er hafin má engar breytingar gera á keppnisliðinu.

Í lok viðureignar skal fyrirliði liðsins eða staðgengill hans fylla út skýrsluna með skortölum allra leikmanna í liðinu, undirrita hana og fá staðfestingu fyrirliða hins liðsins eða staðgengils hans um að skýrslan sé rétt fyllt út. Ef ekki er skrifaður fjöldi fella eða fjöldi stjarna í leik á

leikskýrslu skal hann ekki skráður hjá liðinu, nema fram komi óyggjandi sannanir um fjölda fella og/eða stjarna, t.d. útprentun tölvuskors eða handskrifuð skorblöð. Mótanefnd skal skera úr um lögmati framlagðra gagna. Greiða þarf sektargreiðslu kr. 2.500 óski lið eftir leiðréttingu á leikskýrslu og skal gjaldkeri KLÍ eða staðgengill hans staðfesta að greiðslan hafi verið innt af hendi áður en mótanefnd tekur málið fyrir. Kærufrestur er 72 klst frá því að úrslit úr viðkomandi viðureign eru birt og skal mótanefnd tilkynna úrskurð sinn innan 14 daga frá því að greiðsla barst.

Ef lið fyllir ekki út skorreiti eða samtalsreiti leikskýrslunnar er aganefnd KLÍ heimilt að refsa liðinu með fjársekt. Eftir viðureign skal afhenda dómara skýrsluna og skorblöð.

Ef um innbyrðisstigagjöf er að ræða þá gildir eftirfarandi:

Uppröðun leikmanna skal koma fram á leikskýrslu og skal “gestalið” gefa upp sína uppröðun fyrst og óheimilt er að breyta henni, hún skal staðfest af mótherja. Þurfi að breyta röð áður en mótherji kvittar á leikskýrslu skal gerð ný leikskýrsla. Fyrstu fjórir liðsmenn á leikskýrslu eru leikmenn í fyrsta leik, aðrir eru varamenn.

## 9. grein

### *Lið sem mætir ekki til keppni*

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Sekta skal það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

## 10. grein

### *Frestun viðureigna*

Óski lið eftir frestun á viðureign í Íslandsmóti liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggi fyrir frestunarbeiðninni.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Veikindi
3. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ

Ef lið ákveður að spila einungis skipað fjórum liðsmönnum er þeim ekki veitt frestun vegna veikinda eða samgönguferfiðleika hjá einum leikmanni. Löglega skipað lið telur þrjá leikmenn.

Þau lið sem eru með skráða aðila í liðið sem ekki eru að spila að jafnaði, skulu tilkynna KLÍ hverjir teljast virkir leikmenn í upphafi leiktíðar. Leiki óvirkur leikmaður telst hann virkur það sem eftir er tímabils.

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan aukakostnað af frestuninni. Leitast skal við að frestaði leikurinn sé leikinn fyrir næstu umferð. Ef leikurinn hefur ekki farið fram innan 4. vikna frá upphaflegum leikdegi skal leikurinn settur á af mótanefnd. Ekki er hægt að biðja um frestun á þeim leikdegi.

Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 3 klst. fyrirvara.

Ef lið fær frestun, þá má það aðeins nota þá leikmenn, sem löglegir voru með liðinu, þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Mótanefnd getur veitt samþykki á breyttum leikdegi ef bæði lið eru því samþykkt og hafa fundið nýjan leikdag annað hvort fyrir áætlaðan leikdag eða áður en næsta umferð fer fram.

Sækja verður um breytinguna með a.m.k. 7 sólarhringa fyrirvara fyrir áætlaðan leikdag eða umferðina sem leikurinn átti að fara fram í.

Tvær síðustu umferðir hverrar deildar skulu fara fram á sama tíma. Öllum öðrum leikjum skal lokið fyrir næstsíðustu umferð.

### **11. grein**

#### *Skipulag*

Skipulag Íslandsmóts liða skal vera í höndum mótanefndar KLÍ. Mótanefnd skal sjá til þess að staða í deildum sé birt fyrir næstu umferð.

### **12. grein**

#### *Gjöld*

Þátttökugjald í Íslandsmóti liða ákveður stjórn KLÍ fyrir hvert keppnistímabil og skal gjalddagi vera 1. nóvember og eindagi 1. desember og fer félagið strax í keppnisbann ef ekki hefur verið gengið frá greiðslum.

### **13. grein**

#### *Um keilulið*

Keilulið sem tilkynnt er í deildar- og/eða bikarkeppni KLÍ, skal vera skipað a.m.k. fjórum leikmönnum. Allir liðsmenn skulu vera félagsbundnir og hafa keppnisrétt með sama félagi. Einungis er heimilt að láta einn erlendan leikmann spila í einu. Erlendur leikmaður getur ekki leikið með liði eftir lokun félagaskipta 1. febrúar hafi hann ekki leikið með liðinu fyrir 1. febrúar. Lið skal velja sér fyrirliða sem skal vera skráður leikmaður liðsins. Fyrirliði kemur fram fyrir hönd liðsins og skal sjá um að leikskýrslur þær sem liðið fær séu rétt út fylltar.

### **14. grein**

#### *Liðaskipti*

Liðaskipti skulu fara fram samkvæmt Reglugerð KLÍ um félaga- og/eða liðaskipti.

### **15. grein**

#### *Varamenn*

Varamaður skal leika í sömu rásröð og maðurinn sem hann kemur inn á fyrir lék í. Varamenn mega aðeins koma inn á í nýjum leik, þ.e. eftir að 1. eða 2. leik hefur verið lokið og áður en nýr leikur hefst.

### **16. grein**

#### *Fjarveruskor*

Fjarveruskor skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið má ekki hefja leik með færri en þrjá leikmenn. Fjarvegurskor getur ekki unnið stig.

Ef leikmaður yfirgefur leik, skal fjarveruskor gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori viðkomandi deildar fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik. Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af, samanber Reglu 133 í Almennum keppnisreglum KLÍ.

1. deild karla:	140 stig	1. deild kvenna:	120 stig
2. deild karla:	130 stig	2. deild kvenna:	110 stig
3. deild karla:	120 stig		
4. deild karla:	110 stig		

Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskoti. Í efstu deild karla er liði ekki heimilt að nota fjarveruskor nema leikmaður sem hafið hefur leik yfirgefi hann.

### **17. grein**

#### *Réttur til verðlauna*

Til að eiga kost á einstaklingsverðlaunum, þarf leikmaður að hafa lokið í það minnsta 21 leik í viðkomandi deild og þá eru úrslitakeppni og úrslitaleikir ekki taldir með.

Rétt til verðlauna, sem lið í heild vinnur til, hafa allir leikmenn liðsins sem hafa leikið fleiri en 21 leik í deildinni.

Til að skera úr um ef tveir eða fleiri leikmenn/lið eru í sama verðlaunasæti, skulu viðkomandi leika einn leik. Sé um verðlaun fyrir meðaltal að ræða skulu leiknir þrír leikir.

Sé jafnt eftir úrslitaleik skulu leiknir 9. og 10. rammi þar til úrslit fást.

Skor sem nást í úrslitaleikjum eru ekki tekin með við útreikning á meðaltali né reiknuð með á lista yfir hæstu skor í leik eða seríu í mótinu.

Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal hærra pinnafall ráða.

Eftirtalin verðlaun eru veitt í deildarkeppni:

1. 1., 2. og 3. sæti liða í deildum
2. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal einstaklings
3. Hæsti leikur, hæsta sería og hæsta meðaltal liðs.
4. Deildarmeistari – ef við á.
5. Stjórnuskjöldur – fyrir flestar stjórnur liðs að meðaltali.
6. Felluverðlaun – fyrir flestar fellur einstaklings að meðaltali.
7. Framfaraverðlaun í hverri deild – sá einstaklingur sem tekur mestum framförum (hækkun meðaltals) á milli ára. Leikjafjöldi fyrra árs sé a.m.k. 21.
8. Deildarkeilarar karla og kvenna – kosnir af keilurum, mótanefnd sér um framkvæmd.
9. Stigameistari deildar, fyrir flest stig að meðaltali.

### **18. grein**

#### *Lið dregur sig úr eða hættir keppni*

Dragi lið sig úr keppni á tímabilinu 15. maí til 31. júlí greiðir félagið kr. 5.000,- sekt.

Dragi lið sig úr keppni frá 1. ágúst til upphafs keppnistímabilsins greiðir félagið fullt þátttökugjald. Ef lið dregur sig úr keppni eftir að keppnistímabilið er hafið greiðir félagið kr. 30.000,- sekt að auki. Þá eru stig þess og skor þurrkuð út, sem og skor mótherja.

Liðið fer í leikbann það sem eftir er keppnistímabilsins og ef liðið hefur keppni aftur keppnistímabilið á eftir skal það byrja í neðstu deild.

Það lið sem dregur sig úr keppni endar neðst í viðkomandi deild.

### **19. grein**

#### *Kærufrestur*

Kærufrestur í Íslandsmóti liða er 7 dagar.

*Breytt á formannafundi 19. apríl 2011*